

Fyrirspurn E 9/2024
Fyrirspyrjandi Jette Gottlieb (EL)
Til Ríkisstjórn Noregs

E 9/2024 - skrifleg fyrirspurn um útflutning spilliefna

Til ríkisstjórnar Noregs

Ég er með spurningu sem ég vil gjarnan beina til norska umhverfisráðherrans.

Danmörk flytur inn norskt olíuaffallsvatn. Í Danmörku hefur umhverfisráðuneytið stöðvað innflutning í tveimur beinum tilvikum, þar sem lífríki sjávarins má ekki við frekara álagi.

[Miljøministeriet stopper import af norsk spildevand med lavt olieindhold i to konkrete sager - Miljøministeriet \(mim.dk\)](#). Engu að síður heldur Danmörk áfram að flytja inn norskt olíuaffallsvatn. [Miljøminister trak to importtilladelser tilbage: Men import af oliespildevand fra Norge fortsætter | Indland | DR](#)

Baselsamningurinn er alþjóðlegur samningur um umhverfismál sem var samþykktur árið 1989 til að setja reglur um og hafa eftirlit með flutningi spilliefna milli landa. Samningurinn var gerður til að vernda heilsu fólks og umhverfið með því að koma í veg fyrir ólöglega losun eða förgun spilliefna í öðrum löndum. Mikilvægur hluti Baselsamningsins er áhersla hans á reglur um útflutning spilliefna, þar á meðal affallsvatns. Öll norrænu löndin hafa samþykkt Baselsamninginn og skuldbundið sig til að fylgja ákvæðum hans um útflutning spilliefna, þar á meðal affallsvatns. Samningurinn kveður á um strangar reglur og eftirlit til að tryggj sé að spilliefni skaði ekki umhverfið í innflutningslöndum.

Í ljósi þessa er spurt um eftirfarandi:

Er Noregi ljóst að Noregur má ekki flytja út spilliefni ef móttökulandið býr ekki yfir nægilegri getu og færni til að meðhöndla þau samkvæmt Baselsamningnum?

Kaupmannahöfn, 7. febrúar 2024

Jette Gottlieb (EL)